

12. nóvember 1971.

409

Nr. 217.

REGLUGERÐ

um kosningu og starfssvið iðnráða.

1. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Heimilt er einnig iðnaðarmönnum utan kaupstaða, í kauptúnum og annars staðar að stofna iðnráð, en skilyrði fyrir því er þó það, að 25 iðnaðarmenn hið fæsta í 10 iðngreinum standi að iðnráðinu, enda sé iðnaðarmannafélag eða iðnfélag á staðnum. Þar sem ekki eru iðnráð á staðnum skulu lögreglustjórar, iðnaðarmenn og aðrir, sem þurfa á aðstoð iðnráða að halda, snúa sér til iðnráðs næsta kaupstaðar eða Iðnráðs Reykjavíkur.

2. gr.

Iðnráðin skulu vera iðnaðarmönnum almennt til aðstoðar og ráða í ágreinings- og vandamálum þeirra. Þau skulu og vera lögreglustjórum, ríkisstjórn og bæjarstjórnnum til ráðuneytis, um mál er iðnað varða.

3. gr.

Iðnráðin skulu eftir því, sem við verður komið hafa eftirlit með því, að lögum og reglugerðum um mál iðnaðarmanna sé framfylgt. Þau gera tillögur til lögreglustjóra um útgáfu meistarabréfa og um iðnréttindi próflausra manna, enda mega lögreglustjórar ekki veita próflausum mönnum neins konar iðnréttindi nema samkvæmt meðmælum hlutaðeigandi iðnráðs eða Landssambands iðnaðarmanna. Verði ágreiningur um afgreiðslu máls milli þessara aðila úrskurðar ráðherra.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli iðngreina, eða einhverra annarra um það, hvaða verk tilheyri hverri iðngrein, eða hvað skuli teljast iðnaðarvinna, skal leita álits viðkomandi iðnráðs. sem þá skal beita sér fyrir að ná samkomulagi um lausn ágreiningsmálsins, með gerðardómi eða á annan hátt. Náist ekki samkomulag skal iðnráðið gera tillögur til lögreglustjóra um úrskurð. Um öll slík mál skal hafa samráð við Iðnráð Reykjavíkur.

5. gr.

Í hverju iðnráði skal eiga sæti einn fulltrúi fyrir hverja iðngrein, kosinn sam-eiginlega af sveinum og meisturum á staðnum í þeirri iðngrein. Þó skal þar sem bæði sveinafélög og meistarafélög eru starfandi á sama stað, í sömu iðngrein, kosinn sinn fulltrúinn af hverju félagi og sitja þá í því tilfelli tveir fulltrúar frá viðkomandi iðn í iðnráðinu.

Sé ekki bæði sveinafélag og meistarafélag starfandi í sama stað í sömu iðngrein, skal í fjölmönnum iðngreinum, þar sem starfandi meistarar og sveinar eru 50 eða fleiri kjósa tvo fulltrúa, svein og meistara.

B 54

Kjósa skal varafulltrúa fyrir hvern aðalmann í iðnráðinu, á sama hátt og aðalmenn. Deyi aðalmaður, eða flytji burt úr umdæminu eða biðjist lausnar frá starfinu, tekur varafulltrúi við. Einnig er aðalfulltrúa heimilt að láta varafulltrúa gegna störfum í sinn stað, ef hann hefur lögleg forföll sjálfur.

Ef iðnráðsfulltrúi, kosinn af sveinafélagi gerist meistari, eða öfugt, hefur viðkomandi félag rétt til að taka af honum umboð hans og fá það varamanni. Sama gildir, ef í iðngrein, sem áður var óskipt, er myndað sveina- eða meistarafélög. Ef varamaður forfallast á sama hátt, skal fara fram aukakosning í iðngreininni. Aukakosning fer fram með sama hætti og regluleg kosning. Nú kys einhver iðngrein engan fulltrúa í iðnráð og getur iðnráð þá valið sér fulltrúa fyrir þá iðngrein.

6. gr.

Kosningarétt eiga allir, sem lögleg iðnréttindi hafa í einhverri iðngrein, þó þannig, að þar sem bæði sveina- og meistarafélög eru starfandi á sama stað, er kosningaréttur bundinn við félagsréttindi í viðkomandi félagi. Rísi ágreiningur um kosningarétt, sker viðkomandi lögreglustjóri úr, samkvæmt skrá þeirri er um getur í 24. gr. laga nr. 79 13. ágúst 1971.

Eigi einhver maður iðnréttindi í fleiri en einni iðngrein, er honum óheimilt að nota kosningarétt sinn nema með einni iðngrein og velur hann þá sjálfur, hver það skuli vera, en tilkynna skal hann því félagi, sem fyrir kosningu stendur. Kjörgengi er ekki bundið við kosningarétt.

7. gr.

Kosning til iðnráðs skal fara fram í nóvembermánuði, og er kjörtímabilið fjögur ár.

Þar sem bæði sveina- og meistarafélög eru starfandi á sama stað, í sömu iðngrein, sjá þau um kosninguna, hvert hjá sér. Skulu þau hafa lokið þessu og tilkynnt iðnráði úrslitin fyrir 30. nóvember það ár, sem kjósa skal. Í þeim iðngreinum, sem engan félagsskap hafa sér framkvæmdastjórn iðnráðsins um kosninguna.

Kjölfund skal boða með viku fyrirvara bréflega, í blöðum eða á annan hátt, svo tryggt sé eins vel og unnt er, að fundarboðið komist til allra hlutaðeigandi.

Kosning skal vera leynileg og bundin við uppástungur, og telst sá kosinn, sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Nú fær enginn af þeim, sem í kjöri eru meirihluta greiddra atkvæða og skal þá kosið á ný um þrjá, sem flest fengu atkvæðin. Fáir enginn þeirra meirihluta greiddra atkvæða, skal enn kosið milli þeirra tveggja, sem flest atkvæði fengu og hlýtur þá sá kosningu, er fleiri fær atkvæðin. Ef atkvæði eru jöfn ræður hlutkesti. Kjölfundur er löglegur, ef löglega er til hans boðað.

8. gr.

Fráfarandi framkvæmdastjórn boðar hið nýkjörna iðnráð saman til fyrsta fundar og stjórnar honum. Hún gefur skýrslu um störf og hag iðnráðsins. Hún stjórnar kosningu nýrrar stjórnar, 3 eða 5 manna og jafnmargra til vara, 2 endurskoðenda og eins til vara. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum.

9. gr.

Framkvæmdastjórn skal halda fundi svo oft, sem henni þykir þurfa, og með öllu iðnráðinu, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, eða þegar 5 iðnráðsfulltrúar frá jafnmörgum iðngreinum eða fleiri óska þess. Iðnráðsfundi skal boða bréflega, eða á annan tryggilegan hátt með þriggja daga fyrirvara. Fundur er lögmatgur, ef löglega er til hans boðað.

Ef mál kemur fyrir fund framkvæmdastjórnar, sem varðar beinlínis einhverja iðngrein eða iðnfélag, sem ekki á fulltrúa í framkvæmdastjórn, skal viðkomandi fulltrúi boðaður á fundinn.

Framkvæmastjórnin fer að öðru leyti ein með mál iðnráðsins milli funda þess og getur iðnráðið sjálf sett nánari starfsreglur fyrir framkvæmdastjórnina.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 79 13. ágúst 1971 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 118 25. október 1937 um kosningar og starfssvið iðnráða svo og auglýsing nr. 189 14. október 1939 um breyting á þeirri reglugerð.

Iðnaðarráðuneytið, 12. nóvember 1971.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

1. gr.

Rétt til eftirlauna (ellilífeyris) eiga þeir, sem fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum.

- a. Eru fullgildir félagar í stéttarfélagi innan Alþýðusambands Íslands. Sama gildir um fullgilda félagar í öðrum stéttarfélögum, enda teljist þau til verkalýðsfélaga samkvæmt 4. gr. laga nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar, og hafi komið á hjá sér skylduaðild að lífeyrissjóði.
- b. Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- c. Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til, hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- d. Eiga að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a. m. k. $\frac{1}{25}$ úr stigi, sbr. 5. gr.

2. gr.

Nú andast maður, sem öðlazzt hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 1. gr. eða hefði getað öðlazzt slíkan rétt með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki hans eiga rétt til eftirlauna samkvæmt 7. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1969 og uppfyllt skilyrði a-liðar 1. gr., átt að baki a. m. k. 5 ára réttindatíma og áunnið sér stig í samræmi við d-lið 1. gr.

3. gr.

Maður telst hafa látið af störfum, sbr. c-lið 1. gr., ef hann fellir niður vinnu og árlegar launatekjur hans lækka stórlega frá því, sem þær hafa verið undanfarandi ár, enda njóti hann hvorki atvinnuleysisbóta né slysadagpeninga. Það telst stórfelld lækkun í þessu sambandi, ef árlegar launatekjur ná ekki lengur helmingi þeirra launatekna, sem hlutaðeigandi hafði undanfarandi ár, eða svara ekki til helmings þess árlega stigafjölda, sem lagður er til grundvallar útreikningi eftirlauna. Nú lætur maður af fullu starfi, en heldur áfram starfi að hluta, og er þá heimilt að greiða